



Fjölbrotaskóli Suðurnesja

Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100

Fundargerð

Stjórn skólanefndar hélt fund í bóknámshúsi FS fimmtudaginn 31. janúar 1991 og hófst fundurinn kl. 17:30. **Fundinn sátu: Sigríður Jóhannesdóttir formaður, Hjálmar Árnason skólameistari, Guðbjörg Ingimundardóttir, Kristbjörn Albertsson og Jón Sæmundsson.**

Þetta gerðist:

1. Fulltrúar sveitarfélaganna á Suðurnesjum komu til þess að ræða hugsanlega viðbyggingu við FS. Staða mála var kynnt og rædd. Niðurstöður urðu þær að skólameistara var falið að senda formlegt bréf til allra sveitarfélaganna og óska eftir því að hvert um sig tilnefndi einn fulltrúa til viðræðna við fulltrúa ríkisins um viðbygginguna. Jafnframt var óskað eftir því að fulltrúinn hefði í farteskinu viljayfirlýsingu um málið frá viðkomandi sveitarstjórn.

Fleira ekki gert, fundi slitið laust fyrir kl. 19:30.

Hjálmar skráði.

